



## **LOK3B05 Lokaverkefni**

Námsáætlun, vorönn 2018

<b>Kennari/kennarar:</b> Ásdís Ýr Arnardóttir	<b>Netfang/netföng:</b> asdisa@bhs.is
--	--

### **Lýsing:**

Nemendur kynast grundvallaratriðum í fræðilegum vinnubrögðum. Fjallað er um grunnatriði í aðferðafræði, upplýsingaöflun og bókasafnsnotkun, um notkun og öflun rafrænna gagna og textavinnslu. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér fræðileg vinnubrögð við úrvinnslu heimilda, frágang tilvísana, tilvitnana og heimildaskráa. Nemendur vinna m.a. raunhæft verkefni í tengslum við vinnustaðanám sitt og lokaverkefnið. Lokaverkefnið skal tengja starfi félagsliða. Um er að ræða fræðilega ritgerð eða rannsókn sem byggist á rannsókn og heimildavinnu. Gert er ráð fyrir að nemendur dýpki þekkingu sína í aðferðafræði í tengslum við verkefnið. Nemendur sækja umræðutíma í tengslum við verkefnið og gera grein fyrir framvindu þess. Lögð er áhersla á uppbyggilega gagnrýni og sjálfstæð vinnubrögð þar sem nemendur leggja faglegt mat á inntak vinnunnar hjá sér og samnemendum. Lög er á hersla á að nemandinn þjálfist í að standa fyrir máli sínu og setja fram skoðanir sínar á yfirvegaðan og faglegan hátt

### **Þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið:**

Að nemandi:

- þjálfist í fræðilegum vinnubrögðum og nái aukinni leikni í beitingu fræðilegra hugtaka í tengslum við störf sín
- geti sett sér raunhæf markmið, afmarkað viðfangsefnið og rökstutt gildi verkefnisins
- þjálfist í vali á aðferðafræði við hæfi
- geti aflað viðeigandi og gildra rannsóknargagna og heimilda
- geti unnið úr, greint, rökrætt og ígrundað efnið og sett í fræðilegt samhengi og geti beitt aðferðum, hugtökum og kenningum ólíkra fræðisviða
- sýni sjálfstæð og vönduð vinnubrögð og þjálfist í að setja viðfangsefni sín fram á faglegan og skapandi hátt
- þjálfist í að setja fram skoðanir sínar og rökstyðja þær á gagnrýnin hátt
- þjálfist í gagnrýnum vinnubrögðum til að geta unnið sjálfstætt að fagbundnum úrlausnarefnum

### **Námsmat:**

Námsmatið byggir á þrepaskiptri vinnu sem leiðir til lokaskýrslu. Nemandi leggur fram ritgerð/ rannsóknarskýrslu í lok áfanga og kynnir fyrir samnemendum. Námsmat tekur til smærri verkefna og lokaafurðar/rannsóknarskýrslu þar sem eftirfarandi þættir eru lagðir til grundvallar: efni, uppbygging, framsetning, frágangur, heimildanotkun og kynning.

### **Aðrar mikilvægar upplýsingar:**



## LOK3B05 Lokaverkefni

### Námsáætlun, vorönn 2018

Fylgja þarf viðmiðum APA eins og þau eru birt á heimasíðu Ritvers Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

#### Námsgögn:

Efni frá kennara sem birt er á Moodle auk efnis sem nemendur afla sjálfir í tengslum lokaverkefnið

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	5. janúar		
2	8.-12. janúar	<b>Lota 1:</b> Kynning á skipulagi áfanga Kynning á rannsóknaraðferðum.	
3	15.-19. janúar	Uppsetning, frágangur og vinna við lokaverkefni	
4	22.-26. janúar	Rannsóknarverkefni	Skil á hugmynd að rannsóknarverkefni
5	29. jan- 2. feb.	Heimildaöflun og heimildaskráning	Skil á drögum að heimildaskrá
6	5.-9. febrúar	Fræðilegur hluti lokaverkefnis	
7	12.-15. febrúar	Fræðilegur hluti lokaverkefnis	Skil á drögum að fræðilegum hluta
8	20.-23. febrúar	Gagnaöflun	
9	26. feb.- 2. mars	<b>Lota 2:</b> Vinnustofa vegna lokaverkefnis	
10	5. - 9. mars	Gagnaöflun	
11	12.-16. mars	Greining gagna	
12	19.-23. mars	Vinna við niðurstöður	
13	26.mars- 2. apríl	<b>Páskaleyfi</b>	
14	3.-6. apríl	Vinna við niðurstöður	Skila drögum að niðurstöðum
15	9.-13. apríl	Umræðukafli	
16	16.-20. apríl	Umræðukafli	Skil á drögum að umræðukafli
17	23.-27. apríl	Inngangskafli og útdráttur	
18	30. apríl- 4. maí	<b>Lota 3:</b> Málstofa, kynning á lokaverkefni	Skil á drögum að lokaverkefni
19	7.-11. maí	Lokafrágangur lokaverkefnis	
20	14.-18. maí	Lokafrágangur lokaverkefnis	Lokaskil lokaverkefnis

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.